

Ed.

124. Frumvarp

til laga um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólmshreppi.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja hreppsnefndinni í Stykkishólmshreppi þjóðjörðina Ögur og eyðiþjóðjörðina Sellón.

2. gr.

Um sölu fer að öðru leyti eftir reglum um sölu þjóðjarða til handa ábúendum.

Greinargerð.

Með því að Stykkishólmur, sem nú hefir um 650 íbúa, þarfnast mjög viðaukaland, sjerstaklega til kúabeitar og mótaks, en eigi má, án sjerstakrar lagaheimildar, selja öðrum en landsetum jarðir landssjóðs, þá er hjer með farið fram á að auka við land Stykkishólms einu landsjörðinni í hreppnum, Ögri, svo og eyðieynni Sellóni, sem fylgt hefir Ögri um langan tíma.

Annars munu verða færðar frekari ástæður fyrir frumvarpi þessu við flutning þess.